

Föstudaginn 19. október 1990.

Nr. 377/1990. **Valdstjórnin**

gegn

Inga Gunnari Benediktssyni.

Kærumál. Bráðabirgðasvipting ökuleyfis.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Bjarni K. Bjarnason og Hjörtur Torfason.

Varnaraðili skaut hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar 17. október 1990 með heimild í 103. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Hann krefst þess, að felld verði úr gildi bráðabirgðaökuleyfisvipting sú, sem greind er í hinum kærða úrskurði. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Ríkissaksóknari hefur sent Hæstarétti greinargerð, þar sem hann krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Samkvæmt 2. mgr. 102. gr. umferðarlaga skal svipta stjórnanda ökutækis ökuréttindum í að minnsta kosti eitt ár, ef hann brýtur 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr. laganna. Skýrslur varnaraðila og önnur gögn málsins benda til þess, að hann hafi brotið þessi ákvæði. Var lögreglustjóra rétt að telja, að honum bæri eftir 103. gr. laganna að svipta varnaraðila ökuréttindum til bráðabirgða. Verður því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 17. október 1990.

Ár 1990, miðvikudaginn 17. október, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jónasi Jóhannssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Kærði, Ingi Gunnar Benediktsson leigubifreiðarstjóri, Mánagötu 24, Reykjavík, kt. 300752-7219, hefur með skírskotan til 103. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, krafist þess, að felld verði úr gildi bráðabirgðaökuleyfisvipting ákveðin af lögreglustjóranum í Reykjavík hinn 17. september sl., á

grundvelli þess, að hann eigi við mikla vanheilsu að stríða og geti ekki stundað aðra atvinnu en leigubifreiðaakstur, svo sem hann nú gerir. Hafa verið lögð fram læknisvottorð til stuðnings þessu.

Kærði var þriðjudaginn 20. mars 1990 kl. 12.55 stöðvaður af lögreglunni í Reykjavík vegna grunar um ölvun við akstur og færður á slysadeild Borgarspítalans kl. 13.50 sama dag til töku blóðsýnis. Samkvæmt rannsókn á blóðsýni þessu reyndist magn alkólhóls í blóði kærða vera yfir 3 ‰. Hefur kærði ekki borið brögður á þessa niðurstöðu, en lýst undrun sinni yfir því, hve mikið magn áfengis mældist í blóði hans, þar sem hann hafi verið við drykkju kvöldið og nóttina áður.

Þegar gögn málsins eru virt í heild, verður ekki séð, að nokkur lagastoð sé fyrir hendi til þess, að unnt sé að fella bráðabirgðaökuleyfisviptingu kærða úr gildi, og ber því að staðfesta framangreinda ákvörðun lögreglustjóra skv. 103. gr. umferðarlaga.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Synjað er kröfu Inga Gunnars Benediktssonar um niðurfellingu bráðabirgðaökuleyfisviptingar frá 17. september 1990.
